

Gagnfræðaskóli Akureyrar

Afhending 2021/17

Gagnfræðaskóli Akureyrar var formlega stofnaður með lögum um gagnfræðaskóla, nr. 48 frá 1930. Hann var settur í fyrsta sinn í byrjun nóvember það ár og voru um 100 nemendur við skólann. Fyrstu árin var skólinn til húsa í húsnæði Iðnskólans á Akureyri að Lundargötu 12.

Árið 1938 var orðið frekar þröngt um nemendur skólans í húsnæði Iðnskólans og því var auka kennslustofa tekin á leigu, í húsnæði Verslunarmannafélagsins á Akureyri að Gránufélagsgötu 9. Haustið 1939 var samkomusalurinn í Skjaldborg, Hafnarstræti 67, tekinn á leigu eitt laugardagskvöld í mánuði. Þar fóru fram samkomur en einnig einhver leikfímkennsla, en leikfímkennsla fyrstu árin hafði verið í húsnæði Menntaskólans á Akureyri.

Árið 1940 keypti skólinn hlut Oddfellow-reglunnar í húsinu við Gránufélagsgötu 9 og hafði þá yfir 5 kennslustofum að ráða, sem dugði þar til skólinn fékk sitt eigið húsnæði árið 1943.

Árið 1942 var hafist handa við að byggja nýtt hús fyrir Gagnfræðaskólann og var neðri hæð þess tekin í notkun haustið 1943. Á sama tíma var fyrri leigusamningum skólans sagt upp og húsnæðið að Gránufélagsgötu 9 var selt.

Árið 1969 var stofnuð framhaldsdeild við skólann, sem var ætluð fyrir þá nemendur sem hugðu á frekara nám eftir gagnfræðapróf. Veturinn 1976-1977 var síðasti veturinn sem kennt var til gagnfræðaprófs enda urðu um það leyti umfangsmiklar breytingar á skólakerfinu í heild sinni. Gagnfræðaskólinn var eftir það skóli með efstu bekkjum grunnskólans og framhaldsdeildum með sjúkraliðabraut og verslunarbraut. Árið 1979 útskrifuðust fyrstu sjúkraliðarnir, sem og fyrstu nemendurnir með verslunarpróf.

Árið 1984 voru framhaldsdeildir Gagnfræðaskólans sameinaðar Iðnskólanum á Akureyri og Hússtjórnarskóla Akureyrar og mynduðu Verkmenntaskólann á Akureyri. Við þessa breytingu varð Gagnfræðaskóli Akureyrar alfarið grunnskóli, þar sem nemendur á unglingastigi stunduðu sitt nám.

Árið 1997 voru Gagnfræðaskólinn og Barnaskóli Akureyrar sameinaðir og Brekkuskóli kom í þeirra stað.

Aðrar afhendingar frá Gagnfræðaskóla Akureyrar eru 44, 620, 806, 2004/39, 2005/45, 2005/54, 2007/8, 2007/29, 2008/21, 2011/11, 2012/50 og 2016/107.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

20. apríl 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 17

A-Gagnfræðiskóli Akureyrar

A-Gagnfræðiskóli Akureyrar

1982 - 1984

A	1	1	1982 - 1984	Einkunnaspjöld úr framhaldsdeildum A-D
A	1	2	1982 - 1984	Einkunnaspjöld úr framhaldsdeildum E-G
A	1	3	1982 - 1984	Einkunnaspjöld úr framhaldsdeildum H-J
A	2	1	1982 - 1984	Einkunnaspjöld úr framhaldsdeildum Jón-R
A	2	2	1982 - 1984	Einkunnaspjöld úr framhaldsdeildum S-Ö